

SKILNAÐUR



„Að mínu áliti liggur einmitt styrkur bókarinnar um börn og skilnaði í einfaldri og hispurslausri umræðu um viðkvæm mál. En ekki síður þykja mér gagnlegar hugmyndir höfundarins um mögulegar lausnir eða viðbrögð sem eru uppbyggileg fyrir barnið og raunhæf miðað við forsendur foreldranna.“

Þannig skrifar Sigrún Júlíusdóttir í formála bókar sem blm. rakst á um daginn og heitir „Bók barnanna um skilnað“ og er eftir barna-geðlækninn Richard A. Gardner. Bókin kom fyrst út í Bandaríkjunum 1970 og var þá fyrsta bók sinnar tegundar, þar sem sérfræðingur talar beint til ungra drengja og stúlkna um skilnaðarmál foreldra þeirra, þeirra eigin viðbrögð og hvað heppilegt er og óheppilegt í því sambandi. Bókin er sérstaklega skrifuð fyrir börn á aldrinum 9–14 ára og á að veita þeim svar við ýmsum spurningum sem koma upp í huga þeirra. Þar sem bækur af þessu tagi eru sjaldséðar á bókamarkaðinum, verður sagt frá helstu hugmyndum Gardner.

Oftast betra að alast upp með einu foreldri en í óhamingjusamri sambúð foreldra

Gardner gengur út frá svipuðum forsendum og flestir fjölskylduráðgjafar og telur að barninu sé betur borgið með einu foreldri en að alast upp í óhamingjusamri sambúð foreldra. Margt ber þó að varast. Fráskilið foreldri ætti að

Bók barna um skilnað


Daglegt líf

Valgerður Jónsdóttir

varast að láta barn sitt taka við hlutverki hins foreldrisins, því börn sem verða fljótt fullorðin eiga oft erfitt með að eignast vini og kunningja á svipuðum aldri og þau eru sjálf.

Foreldrar eiga oft í miklum erfiðleikum eftir skilnað og kemur það niður á öllu umhverfi þeirra, ekki síst börnunum. Ákvörðun um skilnað er alltaf erfið, foreldrarnir fyllast sektarkennd yfir því að særa börnin, því í flestum tilfellum

vilja börnin að sambúð foreldranna haldi áfram. Barnið kennir oft sjálfu sér um skilnaðinn og heldur að skilnaðurinn sé þeim að kenna, þau hafi verið of óþekk og því hafi skilnaður átt sér stað. Oft reyna þessi börn að vera óvenju þæg og góð, og vonast að með því móti taki foreldrarnir saman aftur. Þetta er atriði sem Gardner leggur áherslu á að gera börnunum grein fyrir. Foreldrar skilja ekki vegna þess að börnin hafa verið óþekk, þeir skilja vegna þess að þeir voru óhamingjusamir í hjónabandinu og vildu ekki búa saman lengur. Eitt það mikilvægasta sem börnunum verður að skiljast er því að þau sjálf geta ekkert gert til að koma foreldrunum saman aftur, þau geta ekkert gert til að stjórna lífi foreldranna. Barnið er einnig oft mjög óruggt um hvort foreldri þess þyki vænt um það, sérstaklega því foreldri sem flytur að heiman. Gardner leggur áherslu á að annað foreldrið þvingi hitt foreldrið ekki til að sýna barninu áhuga og umhyggju ef hún er alls ekki fyrir hendi. Heppilegra er fyrir barnið að viðurkenna og sætta sig við þá leiðu staðreynd, án þess að leggja fæð á foreldrið sem í hlut á. Einnig



Húsgagnasýning á Kjarvalsstöðum

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning húsgagna sem hönnuð eru af arkitektunum Rud Thygesen og Johnny Sörensen, en þeir eru meðal kunnustu hönnuða í Danmörku. Í byrjun sl. áratugar hófu þeir náið samstarf við fyrirtækið Magnus Olsen í Drurup og síðar fyrirtækin Erik Boisen Möbelfabrik í Vejen og Botium í Bonderup. Í þessari samvinnu þróuðu arkitektarnir nýjar tegundir formspenntra húsgagna sem vakið hafa mikla athygli.

Sýningin á Kjarvalsstöðum er haldin í samvinnu danska sendiráðsins og verslunarinnar Epal, en þar hægt að fá flest þessi húsgögn.

Flest húsgögn sem hönnuð eru af þeim félögum eru unnin úr náttúrulegum efnum svo sem tré, ull, bómull o.fl. eða efnum sem eldast „með reisu“.

Húsgögnin eru mikið notuð í opinberar byggingar að sögn Sörensens. Þau eru stílhrein, sterk og þægileg.

Barnahúsgögn er hægt að fá í ýmsum stærðum og mörgum af stólunum má ráða saman þannig að þeir taki sem minnst pláss í geymslu, enda mikið notaðir í fundarsali og þess háttar.

